

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 40

31. árgangur

16.5.2024

I	EES-STOFNANIR	
1.	Sameiginlega EES-nefndin	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
2024/EES/40/01	Beiðni Verwaltungsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein (stjórnsýsludómstóls Furstadæmisins Liechtensteins) dagsett 20. desember 2023 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli TC (Mál E-1/24)	1
2024/EES/40/02	Mál höfðað 27. mars 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi (Mál E-4/24)	2
2024/EES/40/03	Mál höfðað 27. mars 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi (Mál E-5/24)	3
2024/EES/40/04	Mál höfðað 27. mars 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi (Mál E-6/24)	4
III	ESB-STOFNANIR	
1.	Framkvæmdastjórnin	
2024/EES/40/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11241 – EEX/NASDAQ POWER)	5
2024/EES/40/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11383 – COOPER/VIATRIS (EUROPEAN OTC BUSINESS))	6
2024/EES/40/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11419 – PAVAO VUJNOVAC/FORTENOVA GROUP)	7
2024/EES/40/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11472 – HYDRO/NORTHVOLT/HYDROVOLT JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2024/EES/40/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11528 – PAI PARTNERS/BLUEGEM/BEAUTYNOVA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9

2024/EES/40/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11543 – HIG CAPITAL/ALIGHT (PAYROLL AND PROFESSIONAL SERVICES BUSINESS)) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2024/EES/40/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11554 – CVC/WORLD OF TALENTS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2024/EES/40/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11166 – EQUINOR/SHELL/TOTALENERGIES/JV)	12
2024/EES/40/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11453 – COMMERZBANK IMMOBILIEN/ACH/ACI)	12
2024/EES/40/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11476 – NIPPON STEEL/UNITED STATES STEEL)	13
2024/EES/40/15	Upplýsingar um samhæfða staðla sem varða EFTA-ríkin í samræmi við framkvæmdar-ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1198 frá 19. apríl 2024 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2023/2723 að því er varðar samhæfða staðla fyrir kassa og umlykjur rafmagnsfylgibúnaðar, stokkakerfi sem grafin eru í jörð og lágsþennu rof- og stýrubúnað	14
2024/EES/40/16	Upplýsingar um samhæfða staðla sem varða EFTA-ríkin í samræmi við framkvæmdar-ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1197 frá 23. apríl 2024 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/1954 að því er varðar samhæfða staðla fyrir rafkerfi - jafnstraumslagnir með mjög lágrí spennu og austursdælukerfi	16
2024/EES/40/17	Upplýsingar um staðla sem varða EFTA-ríkin í samræmi við: framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1256 frá 26. apríl 2024 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2023/1586 að því er varðar samhæfða staðla fyrir moksturbúnað framan á hjóladráttarvélar, torfæruökutæki og rafdrifin handverkfæri	17
2024/EES/40/18	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	18

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni Verwaltungsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein (stjórnsýsludómstóls
Furstadæmisins Liechtensteins) dagsett 20. desember 2023 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í máli TC

2024/EES/40/01

(Mál E-1/24)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf frá Verwaltungsgerichtshof des Fürstentums Liechtenstein (stjórnsýsludómstól Furstadæmisins Liechtensteins) dagsett 20. desember 2023, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 3. janúar 2024, með beiðni um ráðgefandi álit í máli TC að því er varðar eftirtalið atriði:

Ber að túlka tilskipun (ESB) 2015/849, eins og henni var breytt með tilskipun (ESB) 2018/843, á þann veg að óheimilt sé að setja í landslög ákvæði sem kveður á um að beiðni innlends eða erlends einstaklings eða stofnunar um birtingu þeirra gagna um lögaðila sem eru skráð í skrá yfir raunverulega eigendur verði að innihalda nafn fyrirtækisins eða nafn lögaðila sem eiga gögnin sem skulu birt?

Mál höfðað 27. mars 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi
(Mál E-4/24)

2024/EES/40/02

Hinn 27. mars 2024 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Hildur Hjörvar, Catherine Howdle og Melpo-Menie Joséphidès, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, Avenue des Arts 19H, B-1000 Brussel, Belgíu.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

- 1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 10g í XXII. viðauka við EES-samninginn (*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/828 frá 17. maí 2017 um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma*), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins, með því að gera ekki, innan tilskilins tíma, nauðsynlegar ráðstafanir til að taka gerðina upp í íslenskan rétt, eða í öllum tilvikum, með því að láta hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnuninni um það, og**
- 2. Ísland greiði málskostnað.**

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Eftirlitsstofnun EFTA fer með þessari stefnu fram á að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að uppfylla skyldur sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 10g í XXII. viðauka við EES-samninginn, samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við samninginn, og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins, með því að gera ekki, innan tilskilins tíma, nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda gerðinni í framkvæmd, eða, hvað sem öðru líður, með því að láta hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnuninni um það.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að láta hjá líða að innleiða gerðina í íslenskan rétt.
- Í svari frá 15. október 2023 við rökstuddu álit Eftirlitsstofnunarinnar frá 19. apríl 2023, sagði Ísland að innleiðingu gerðarinnar hafi seinkað.
- Þegar frestur Íslands til að fara að rökstudda álitinu rann út þann 19. júní 2023, hafði Eftirlitsstofnunin hvorki móttekið tilkynningu um að Ísland hafi hrint gerðinni í framkvæmd, né bjó Eftirlitsstofnunin yfir neinum öðrum upplýsingum sem gáfu til kynna að gerðin hefði verið innleidd í íslenskan rétt.
- Þegar þessi umsókn var lögð fram, bendir Eftirlitsstofnunin á að Ísland hafi hvorki innleitt gerðina í íslenskan rétt né tilkynnt Eftirlitsstofnuninni um það.

Mál höfðað 27. mars 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi
(Mál E-5/24)

2024/EES/40/03

Hinn 27. mars 2024 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Hildur Hjörvar, Catherine Howdle og Melpo-Menie Joséphidès, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, Avenue des Arts 19H, B-1000 Brussel, Belgíu.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

- Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að láta hjá líða að innleiða gerðina sem um getur í lið 10ga í XXII. viðauka við EES-samninginn (*framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1212 frá 3. september 2018 um lágmarkskröfur varðandi framkvæmd ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB að því er varðar auðkenningu hluthafa, sendingu upplýsinga og að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín*), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í íslenskan rétt; og**
- Ísland greiði málskostnað.**

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Eftirlitsstofnun EFTA fer með þessari stefnu fram á að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að taka gerðina sem um getur í lið 10ga í XXII. viðauka við EES-samninginn, samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við samninginn, upp í íslenskan rétt, eins og kveðið er á um í 7. gr. EES-samningsins.
- Í svari frá 15. október 2023 við rökstuddu álit Eftirlitsstofnunarinnar frá 19. apríl 2023, sagði Ísland að innleiðingu gerðarinnar hafi seinkað.
- Þegar frestur Íslands til að fara að rökstudda álitinu rann út þann 19. júní 2023, hafði Ísland ekki tilkynnt Eftirlitsstofnuninni um neinar ráðstafanir sem gripið hafði verið til í því skyni að innleiða gerðina í íslenskan rétt.
- Þegar þessi umsókn var lögð fram, bendir Eftirlitsstofnunin á að Ísland hafi hvorki innleitt gerðina í íslenskan rétt né tilkynnt Eftirlitsstofnuninni um það.

Mál höfðað 27. mars 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi
(Mál E-6/24)

2024/EES/40/04

Hinn 27. mars 2024 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Hildur Hjörvar, Catherine Howdle og Melpo-Menie Joséphidès, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, Avenue des Arts 19H, B-1000 Brussel, Belgíu.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

- Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að láta hjá líða að innleiða gerðina sem um getur í lið 1a í XXII. viðauka við EES-samninginn (*framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1042 frá 18. júní 2021 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 að því er varðar tækniforskriftir og verklagsreglur fyrir samtengingarkerfi skráa og niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2244*), samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í íslenskan rétt; og**
- Ísland greiði málskostnað.**

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök lögð fram til stuðnings:

- Eftirlitsstofnun EFTA fer með þessari stefnu fram á að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi látið hjá líða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að taka gerðina sem um getur í lið 1a í XXII. viðauka við EES-samninginn, samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við samninginn, inn í íslenskan rétt, eins og kveðið er á um í 7. gr. EES-samningsins.
- Í svari frá 15. mars 2024 við rökstuddu álit Eftirlitsstofnunarinnar frá 22. nóvember 2023, sagði Ísland að gerðinni yrði hrint í framkvæmd von bráðar.
- Þegar frestur Íslands til að fara að rökstudda álitinu rann út þann 22. janúar 2024, hafði Ísland ekki tilkynnt Eftirlitsstofnuninni um neinar ráðstafanir sem gripið hafði verið til í því skyni að innleiða gerðina í íslenskan rétt.
- Þegar þessi umsókn var lögð fram, bendir Eftirlitsstofnunin á að Ísland hafi hvorki innleitt gerðina í íslenskan rétt né tilkynnt Eftirlitsstofnuninni um það.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11241 – EEX/NASDAQ POWER)

2024/EES/40/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- European Energy Exchange AG („EEX“) (Þýskalandi), sem lýtur yfirráðum Deutsche Börse AG (Þýskalandi)
- Nasdaq Power (Bandaríkjunum), sem lýtur yfirráðum Nasdaq, Inc. (Bandaríkjunum)

EEX öðlast yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Nasdaq Power í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á eignum.

Dönsk og finnsk samkeppnisyfirvöld hafa vísað samrunanum til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 3. mgr. 22. gr. samrunareglugerðarinnar.

Samkeppnisyfirvöld í eftirfarandi löndum urðu síðan aðilar að beiðni um vísun málsins:

- Noregi,
- Svíþjóð.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- EEX: þróar, rekur og tengir markaði fyrir orku- og hrávörur. Það annast einkum viðskiptaþjónustu og greiðslumiðlun fyrir ýmsar hrávörur, m.a. orkuhrávörur í ýmsum aðildarríkjum, s.s. í Þýskalandi, Frakklandi, Lúxemborg, á Niðurlöndum og Norðurlöndunum (í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi). Greiðslumiðlun EEX fer fram í gegnum greiðslustöð þess, European Commodity Clearing („ECC“).
- Nasdaq Power: samanstandur af ákveðnum hlutum evrópskra hrávöruviðskipta Nasdaq Inc., einkum þjónustu sem auðveldar viðskipti og greiðslumiðlun á orkuafleiðum í Frakklandi, Þýskalandi og á Norðurlöndunum og á ESB losunarheimildum (svokölluðum ESB koltvísýringslosunarheimildarafleiðum) og samningum um svæðismun á rafmagnsverði (e. Electricity Price Area Differential).

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 17.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11241 – EEX/NASDAQ POWER

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

(1) Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11383 – COOPER/VIATRIS (EUROPEAN OTC BUSINESS))

2024/EES/40/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Cooper Consumer Health S.A.S. („Cooper“, Frakklandi), sem lýtur yfirráðum CVC Capital Partners SICAV-FIS S.A. („CVC“, Lúxemborg)
- Evrópsk starfsemi í tengslum við vörur Viatris Inc. sem ekki eru lyfseðilsskyldar (andlag viðskiptanna, „Target“, Frakklandi og Ítalíu)

Coopers nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir andlagi viðskiptanna, Target.

Samruninn á sér stað með kaupum á eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Cooper starfar einkum við framleiðslu og dreifingu á OTC, heilsuvörum og vörum til sjálfsúthirðu fyrir neytendur.
- Andlag viðskiptanna (Target) er evrópsk OTC-starfsemi Viatris. Eignirnar fela í sér úrval af fullbúnum lyfjum og vörum fyrir, m.a., líkamsumhirðu, líkamshreinsun, hreinsun á kynfærasvæðum, fæðubótaefni, hómópatalyf og ungbarnahrelnæti. Yfirteknu einingarnar annast rannsóknir og þróun, framleiðslu og stuðning við rekstrarinnviði í tengslum við eignirnar.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 16.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11383 – COOPER/VIATRIS (EUROPEAN OTC BUSINESS)

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11419 – PAVAO VUJNOVAC/FORTENOVA GROUP)

2024/EES/40/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Einkaaðili Pavao Vujnovac (Króatíu)
- Fortenova Group MidCo B.V. („Fortenova Group“, Niðurlöndum)

Pavao Vujnovac nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Fortenova Group í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

Sami samruni hafði verið tilkynntur framkvæmdastjórninni 26. febrúar 2024 en tilkynningin síðan dregin til baka 2. apríl 2024.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Pavao Vujnovac á meirihlutaeign í fyrirtækjum sem starfa við heildsölu á ferskum ávöxtum og grænmeti, ávaxta- og grænmetisvörum sem eru ekki viðkvæmar fyrir skemmdum og vörum sem ekki eru matvæli, innflutning og afhendingu á jarðgasi, framleiðslu og dreifingu á raforku, járnbrautarflutninga og fasteignir í Króatíu og Slóveníu auk ýmissa landa utan ESB á Balkanskaga.
- Fortenova Group starfar við landbúnað, matvælaframleiðslu og afhendingu á daglegum neytendavörum í Króatíu og Slóveníu auk ýmissa landa utan ESB á Balkanskaga.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 13.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11419 – PAVAO VUJNOVAC/FORTENOVA GROUP

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/40/08

(mál M.11472 – HYDRO/NORTHVOLT/HYDROVOLT JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Hydro Energi Invest AS („Hydro Energi Invest“, Noregi), sem lýtur yfirráðum Norsk Hydro ASA („Hydro“, Noregi)
- Northvolt Revolt AB („Revolt“, Svíþjóð), sem tilheyrir Northvolt AB („Northvolt“, Svíþjóð) sem lýtur endanlega sameiginlegum yfirráðum Goldman Sachs Group, Inc. (Bandaríkjunum), Vargas Holding AB (Svíþjóð), ROCARMA Consulting AB (Svíþjóð) og Quantum Leap AB (Svíþjóð)

Hydro Energi Invest og Revolt öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir Hydro Volt AS („Hydrovolt“, Noregi).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í fyrirtæki sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Hydro Energi Invest lýtur endanlega yfirráðum Hydro sem starfar um alla virðiskeðju áls, m.a. námuvinnslu, framleiðslu, þrýstimótun og endurvinnslu áls.
- Revolt tilheyrir Northvolt sem starfar við framleiðslu á rafgeymum, íhlutum í rafgeyma og rafhlöðukerfum auk vinnslu á svörtum massa til að vinna verðmæt efni.

3. Hydrovolt fæst við endurvinnslu á úr sér gengnum rafhlöðum, sem felur í sér endurheimtu á kopar, plasti, áli og svörtum massa, sem inniheldur nikkell, mangan, kóbalt og litíum.
4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 17.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11472 – HYDRO/NORTHVOLT/HYDROVOLT JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11528 – PAI PARTNERS/BLUEGEM/BEAUTYNOVA)

2024/EES/40/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- PAI Partners S.à.r.l. (Lúxemborg), sem lýtur yfirráðum PAI Partners S.A.S („PAI Partners“, Frakklandi)
- Bluegem Capital S.à.r.l. („Bluegem“, Lúxemborg), sem hefur yfirráð sér í lagi með Beautynova S.p.A. („Beautynova“, Ítalíu)

PAI Partners öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Beautynova. Fyrir Bluegem, mun þessi samruni hafa í för með sér breytingu á yfirráðum sér í lagi til sameiginlegra yfirráða yfir Beautynova, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- PAI Partners er fjármagnsfyrirtæki sem stýrir fjölda sjóða sem fjárfesta í viðskiptaþjónustu, matvælum og neytendavörum, almennum iðnaði og heilbrigðisþjónustu.
- Bluegem Capital er samevrópskt fjármagnsfyrirtæki með stefnu um fjárfestingar í evrópskum neytendafyrirtækjum í atvinnugreinum eins og neytendaheilsu, heimahlynningu, ungbarnaumönnun, matvælum og drykkjarvörum, gæludýraumhirðu og fegrunarvörum og vörum til persónulegrar umhirðu. Bluegem Capital hefur sem stendur yfirráð sér í lagi yfir Beautynova, sem er sjálfstæður framleiðandi með aðsetur á Ítalíu og dreifingaraðili á hárvörum til fagaðila í hársnyrtigeiranum. Beautynova starfar einkum á Ítalíu, og í minna mæli, í öllum öðrum aðildarríkjum ESB.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 16.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M11528 – PAI PARTNERS/BLUEGEM/BEAUTYNOVA

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11543 – HIG CAPITAL/ALIGHT (PAYROLL AND PROFESSIONAL SERVICES BUSINESS))

2024/EES/40/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. apríl 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- H.I.G. Capital, L.L.C. („H.I.G Capital“, Bandaríkjunum)
- Launaþjónusta og viðskiptaþjónustusvið Alight, Inc (andlag viðskiptanna, „Target“, Bandaríkjunum)

H.I.G Capital nær yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir hlutum af Alight, Inc.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum og eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- H.I.G. Capital er alþjóðlegur framtakssjóður sem fjárfestir í óskráðum og sérhæfðum eignum, sem sérhæfir sig í að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum bæði lánsfê og eigið fê.
- Andlag viðskiptanna (Target) nær yfir alla aðila og eignir sem mynda launaþjónustu- og viðskiptaþjónustusvið Alight. Andlag viðskiptanna (Target) starfar við notkun á skýtækni og stýrða þjónustu við tölvuforrit, stafræna umbreytingu í heild sinni og útvistun á mannauðsstýringarlausnum, launaþjónustu starfsmanna og hugbúnað og lausnir fyrir viðskiptaþjónustu. Þessa þjónustu býður það upp á fyrir fyrirtæki um allan heim.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 13.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11543 – HIG CAPITAL/ALIGHT (PAYROLL AND PROFESSIONAL SERVICES BUSINESS)

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11554 – CVC/WORLD OF TALENTS)

2024/EES/40/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. maí 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- CVC Capital Partners PLC („CVC“, Jersey)
- World of Talents NV („WoT“, Belgíu)

CVC nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir WoT.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
- CVC er almenningshlutafélag þar sem hlutabréfin eru skráð og tekin til viðskipta í Euronext kauphöllinni í Amsterdam. CVC PLC, og tiltekin dótturfélög þess af og til, annast fjárfestingaráðgjöf fyrir og/eða stýrir fjárfestingum fyrir hönd tiltekinna sjóða og fjárfestingarfélaga („CVC-sjóðirnir“). CVC funds á eignarhluta í nokkrum fyrirtækjum í ýmissi starfsemi um allan heim, m.a. fjármálaþjónustu, iðefnum, veitukerfum, framleiðslu, smásölu og dreifingu, einkum í Evrópu, Bandaríkjunum og á Asíu-Kyrrahafssvæðinu.
 - WoT er mannauðsnet sem samanstendur af ýmsum fyrirtækjum sem voru stofnuð og starfa í Belgíu, á Niðurlöndum og í Þýskalandi, sem veita ráðningar- og ráðgjafþjónustu fyrir verkefni, auk ráðningar á verktökum, verktökum sem vinna gegnum skrifstofu, tímabundið ráðnum starfsmönnum, varanlega ráðnum starfsmönnum og hæfileikastjórnunar.
3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
- Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 15.5.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11554 – CVC/WORLD OF TALENTS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11166 – EQUINOR/SHELL/TOTALENERGIES/JV)

2024/EES/40/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. apríl 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11166. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11453 – COMMERZBANK IMMOBILIEN/ACH/ACI)

2024/EES/40/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. apríl 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11453. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11476 – NIPPON STEEL/UNITED STATES STEEL)**

2024/EES/40/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. maí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11476. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótt. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Upplýsingar um samhfæða staðla sem varða EFTA-ríkin í samræmi við2024/EES/40/15

framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1198 frá 19. apríl 2024

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2023/2723 að því er varðar samhfæða

staðla fyrir kassa og umlykjur rafmagnsfylgibúnaðar, stökkakerfi sem grafin eru í

jörð og lágpennu rof- og stýrubúnað

I. VIÐAUKI (birtur)

Nr.	Tilvísun staðals
1.	EN 50626-1:2023 Stökkakerfi sem grafin eru í jörð til verndar og umsjónar með einangruðum rafstrengjum eða fjarskiptastrengjum - Hluti 1: Almennar kröfur
2.	EN 50626-2:2023 Stökkakerfi sem grafin eru í jörð til verndar og umsjónar með einangruðum rafstrengjum eða fjarskiptastrengjum - Hluti 2: Pólýetýlen (PE), Pólýprópýlen (PP) eða ómýkt pólý(vínýlklóríð) (PVC-U) stökkakerfi - Kröfur varðandi stökkakerfi með hörðum veggjum, fylgihluti og kerfi til sérstakra nota
3.	EN 60670-21:2007, EN 60670-21:2007/A11:2023 Kassar og umlykjur rafmagnsfylgibúnaðar fyrir heimilisraflagnir og ámóta fastar lagnir - Hluti 21: Sérstakar kröfur varðandi kassa og umlykjur með upphengibúnaði
4.	EN 60670-23:2008, EN 60670-23:2008/A11:2023 Kassar og umlykjur rafmagnsfylgibúnaðar fyrir heimilisraflagnir og ámóta fastar lagnir - Hluti 23: Sérstakar kröfur varðandi kassa og umlykjur í gólfum
5.	EN 60670-24:2013, EN 60670-24:2013/A11:2023 Kassar og umlykjur rafmagnsfylgibúnaðar fyrir heimilisraflagnir og ámóta fastar lagnir - Hluti 24: Sérstakar kröfur varðandi umlykjur fyrir varnarbúnað og annan orkudreifandi rafmagnsbúnað
6.	EN IEC 60947-8:2023 Lágpennu rof- og stýribúnaður - 8. hluti: Stýribúnaður fyrir innbyggða hitavörn (PTC) í rafmagnsvélar sem snúast

II. VIÐAUKI (birtur með takmörkun)

III. VIÐAUKI (afturkallaður)

Nr.	Tilvísun staðals	Dags. afturköllunar
1.	EN 60670-21:2007 Kassar og umlykjur rafmagnsfylgibúnaðar fyrir heimilisraflagnir og ámóta fastar lagnir - Hluti 21: Sérstakar kröfur varðandi kassa og umlykjur með upphengibúnaði	24.10.2025
2.	EN 60670-23:2008 Kassar og umlykjur rafmagnsfylgibúnaðar fyrir heimilisraflagnir og ámóta fastar lagnir - Hluti 23: Sérstakar kröfur varðandi kassa og umlykjur í gólfum	24.10.2025
3.	EN 60670-24:2013 Kassar og umlykjur rafmagnsfylgibúnaðar fyrir heimilisraflagnir og ámóta fastar lagnir - Hluti 24: Sérstakar kröfur varðandi umlykjur fyrir varnarbúnað og annan orkudreifandi rafmagnsbúnað	24.10.2025
4.	EN IEC 60947-5-2:2020 Lágpennurof- og stýribúnaður - Hluti 5-2: Stýrírásabúnaður og rofhlutar - Nálægðarrofar	24.10.2025

5.	EN 60947-8:2003, EN 60947-8:2003/A1:2006, EN 60947-8:2003/A2:2012 Lágspennu rof- og stýribúnaður - 8. hluti: Stýribúnaður fyrir innbyggða hitavörn (PTC) í rafmagnsvélur sem snúast	24.10.2025
6.	EN 61386-24:2010 Stokkakerfi fyrir kapallagnir - Hluti 24: Sérstakar kröfur - Neðanjarðarstokkakerfi	24.10.2025

Ákvörðunina í heild er að finna í [Stjórnartíð. ESB L, 2024/1198, 23.4.2024](#)

Upplýsingar um samþæfða staðla sem varða EFTA-ríkin í samræmi við2024/EES/40/16

framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1197 frá 23. apríl 2024

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/1954 að því er varðar samþæfða

staðla fyrir rafkerfi - jafnstraumslagnir með mjög lágri spennu og austursdælukerfi

I. VIÐAUKI (birtur)

Nr.	Tilvísun staðals
1.	EN ISO 13297:2021, EN ISO 13297:2021/A1:2022, EN ISO 13297:2021/A11:2023 Smábátar - Rafkerfi - Riðstraumsraflagnir (ISO 13297:2020)
2.	EN ISO 15083:2020, EN ISO 15083:2020/A1:2022, EN ISO 15083:2020/A11:2023 Smábátar - Austursdælukerfi (ISO 15083:2020)

II. VIÐAUKI (birtur með takmörkun)

III. VIÐAUKI (afturkallaður)

Nr.	Tilvísun staðals	Dags. afturköllunar
1.	EN ISO 10133:2017 Smábátar - Rafkerfi - Jafnstraumslagnir með mjög lágri spennu (ISO 10133:2012)	25.10.2025
2.	EN ISO 13297:2018 Smábátar - Vatnspétt stýrisrúm og stýrisrúm sem tæma sig fljótt (ISO 11812:2001)	25.10.2025
3.	EN ISO 15083:2018 Smábátar - Austursdælukerfi (ISO 15083:2003)	25.10.2025

Ákvörðunina í heild er að finna í [Stjtið. ESB L, 2024/1197, 25.4.2024](#)

Upplýsingar um staðla sem varða EFTA-ríkin í samræmi við:
framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1256 frá
26. apríl 2024 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarákvörðun
(ESB) 2023/1586 að því er varðar samhæfða staðla fyrir moksturbúnað framan
á hjóladráttarvélar, torfæruökutæki og rafdrifin handverkfæri

2024/EES/40/17

I. VIÐAUKI (birtur)

II. VIÐAUKI (birtur með takmörkun)

Nr.	Tilvísun staðals
1.	EN 12525:2000+A2:2010 Landbúnaðarvélar - Moksturbúnaður framan á hjóladráttarvélar – Öryggi Takmörkun: Þessi samhæfði staðall felur ekki í sér fyrirframætlað samræmi við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi sem settar eru fram í lið 1.1.2. I. viðauka við tilskipun 2006/42/EB, sem krefjast tæknilegra ráðstafana en ekki skipulagslegra ráðstafana eins og varnarvirkja sem draga sérstaklega úr fallandi hlutum í stað þess að taka á öðrum sviðsmyndum slysa, þar á meðal atburðum þar sem bifreiðir hafa oltið, og í 1. mgr. í lið 1.7.4.2 I. viðauka við tilskipun 2006/42/EB, sem krefjast upplýsinga um þá hættu sem enn er fyrir hendi þrátt fyrir innbyggðar öruggar hönnunarráðstafanir, verndarráðstafanir og samþykktar viðbótarverndarráðstafanir.
2.	EN 15997:2011, EN 15997:2011/AC:2012 Torfæruökutæki - Öryggiskröfur og prófunaraðferðir Takmörkun: Þessi samhæfði staðall felur ekki í sér fyrirframætlað samræmi við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi sem settar eru fram í lið 1.1.2. I. viðauka við tilskipun 2006/42/EB, sem krefjast þess að farið sé að meginreglum um samþætt öryggi og þeirri rangnotkun bifreiðarinnar sem raunhæft er að ætla að sjá megi fyrir, í lið 1.3.1. I. viðauka við tilskipun 2006/42/EB, sem krefjast mótvægis við langs- og hliðarstöðugleika og í lið 3.4.1. I. viðauka við tilskipun 2006/42/EB, sem krefjast þess að komið sé í veg fyrir stjórnlausea hreyfingu.
3.	EN 62841-1:2015, EN 62841-1:2015/AC:2015 Rafdrifin handverkfæri, færanleg verkfæri og vélar til nota við garðyrkju - Öryggi – Hluti 1: Almennar kröfur Takmörkun: Þessi samhæfði staðall felur ekki í sér fyrirframætlað samræmi við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi sem settar eru fram í lið 1.2.3. (önnur málsgrein, fyrsti undirliður, beitt með fyrstu málsgreininni) og lið 2.2.1. (fyrsta málsgrein, þriðji undirliður) I. viðauka við tilskipun 2006/42/EB, sem krefjast fullnægjandi verndar gegn óviljandi gangsetningu óháð ástæðu
4.	EN 62841-2-11:2016, EN 62841-2-11:2016/A1:2020 Rafdrifin handverkfæri, færanleg verkfæri og vélar til nota við garðyrkju - Öryggi - Hluti 2-11: Sérstakar kröfur vegna handstingsaga (útskurðar- og sveðjusaga) Takmörkun: Þessi samhæfði staðall felur ekki í sér fyrirframætlað samræmi við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi sem settar eru fram í lið 1.2.3. (önnur málsgrein, fyrsti undirliður, beitt með fyrstu málsgreininni) og lið 2.2.1. (fyrsta málsgrein, þriðji undirliður) I. viðauka við tilskipun 2006/42/EB, sem krefjast fullnægjandi verndar gegn óviljandi gangsetningu óháð ástæðu.

III. VIÐAUKI (afturkallaður)

Ákvörðunina í heild er að finna í Stjtið. ESB L, 2024/1256, 30.4.2024

Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um
starfshætti Evrópusambandsins

2024/EES/40/18

Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við

Málsnúmer	Aðildarríki	Landssvæði	Heiti aðstoðarkerfis (og/eða heiti aðstoðarþega)	Upplýsingarnar birtust (birtingartilvísun í Stjtið. ESB)
SA.112034	Svíþjóð		Ändring av regionalstödskartan för Sverige (1 januari 2022–31 december 2027) – användning av befolkningsreserven	C/2024/3104, 7.5.2024
SA.106120	Búlgaría	Yugozapaden, Sofia	State guarantee to Bulgartransgaz EAD for expansion of the capacity of the Chiren natural gas storage facility	C/2024/3106, 7.5.2024
SA.113636	Kýpur		TCTF: Καταβολή έκτακτης κρατικής βοήθειας για στήριξη των γεωργών της Δυτικής Λευκωσίας για το αυξημένο κόστος παραγωγής (reintroduction of scheme SA.109516 (2023/N))	C/2024/3109, 7.5.2024

Gildan texta þessara ákvarðana, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á: <https://ec.europa.eu/competition/elojade/isef/index.cfm>